

Maskínukönnun

Borgarstjórnarkosningar – fylgi flokka

13. maí 2022



Maskína

Markmið og framkvæmd

Könnun þessi var lögð fyrir **Þjóðgátt Maskínu**, sem er þjóðhópur fólks (e. panel) sem dreginn er með tilviljun úr Þjóðskrá, á netinu. Svarendur voru 18 ára og eldri og með búsetu í Reykjavík. Svör voru vegin samkvæmt tölum Hagstofunnar um kyn, aldur og menntun. Við vigtun svara getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.

Könnunin fór fram dagana **12. og 13. maí 2022** og voru svarendur **660** talsins.

Stuttar skýringar á tölfræðihugtökum í mælaborði

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Vikmörk eru talnabil utan um meðaltal sem inniheldur raunverulegt meðaltal í þýði (allir) með 95% vissu.

Efni skýrslunnar er bæði gagnlegt og áhugavert.
Opinber dreifing og umtal eru heimil svo lengi sem heimilda (Maskínu) er getið.
Sendu póst á maskina@maskina.is ef þú vilt vita meira.

Allur réttur áskilinn: © Maskína-rannsóknir ehf.
Maskína er skrásett vörumerki Maskína-rannsóknna ehf.

Hvaða flokk eða lista ætlar þú að kjósa í sveitarstjórnarkosningum 14. maí næstkomandi?



